

**Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar árið 1998**

Magnús Jóhannsson

Selfossi, maí 1999 VMST-S/99006

VEIÐIMÁLASTOFNUN - SUÐURLANDSDEILD

Austurvegi 1, 800 Selfoss
Sími: 482-2318 Bréfasími: 482-3897
Netfang: magnus.johannsson@veidimal.is


Inngangur.....	1
Silungsrannsóknir í Veiðivötnum.....	1
Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.....	2
Þjórsá.....	2
Rangárnar.....	3
Búsvæðamat í ám.....	3
Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæði Grenlækjar og Skaftár.....	3
Önnur verkefni.....	5
Erindi og rit.....	5
Rit og erindi 1998.....	5

Inngangur.

Á deildin starfaði einn sérfræðingur á árinu ásamt rannsóknarmanni í hlutastarfi yfir sumartímann. Velta deildarinnar á sl. ári var tæpar 5,8 millj. og sértekjur tæpar 4,7 millj. Hlutfall sértekna var því 72,0 % af veltu.

Starfsemin byggir að miklu leyti á þjónusturannsóknum. Mikill hluti starseminnar er vinna fyrir Veiðifélög. Þjónusturannsóknir tengdar vatnsvirkjunum hafa farið vaxandi svo og ýmis konar umsagnir varðandi umhverfismat ofl. er tengist framkvæmdum og áhrif þeirra á lífríki áa og vatna. Auk þessa vinnur

Silungsveiði í Veiðivötnum



Mynd 1. Veiði á silungi í Veiðivötnum. Að jafnaði er um 70 % afla veiddur í net og 30 % á stöng. Síðustu árin hefur um og yfir 90 % veiðinnar verið urriði.

deildin að sértækari rannsóknarverkefnum og söfnun veiðiskýrslna. Í þessari samantekt er greint frá helstu verkefnum deildarinnar sem unnið var að á árinu 1998.

Silungsrannsóknir í Veiðivötnum.

Til Veiðivatna var farið í rannsóknarferð í lok júlí. Mikil aukning varð í veiði þar í sumar eftir nokkra lögð undangengin ár. Samkvæmt skýrslum veiddust nú 11.749 silungar í vötnunum en það er 66 % aukninga frá árinu áður. Stangveiðin var mjög góð en 9.107 silungum var landað af stangveiðimönnum, þ.a. voru 9.036 urriðar. Netaveiðin varð hins vegar minni en árið áður, eða 2.642 (2.968 árið áður). Minni afli í net stafar fyrst og fremst af minni sókn. Stór hluti veiðinnar síðustu ár er tilkominn vegna sleppinga urriðaseiða en aðstæður í Veiðivötnum eru erfiðar til

náttúrlegrar nýliðunar urriða. Rannsóknir og ráðgjöf í veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafréttar

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Rannsóknnum var haldið áfram á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, seiðabúskapur, kannaður, og fylgst með aldurssamsetningu göngufisks. Lögð var áhersla á rannsóknir á vatnasvæði Sogsins og Stóru-Laxár. Í Sogi var fylgt með magni bitmýs með botndýrarrannsóknnum og flugnagildrum. Einnig var kannaður seiðabúskapur Sogsins og þveráa þess og gerð aldursrannsókn á göngulaxi í Sogi og Ásgarðslæk. Þá voru heimtur af seiðasleppingum metnar út frá merkingum. Heimtur af sleppingum gönguseiða í Sogið 1997 voru óvenju góðar. Samtals heimtist í veiði rúmt 1 %. Sleppihópar voru tveir og voru heimtur mun betri í öðrum þeirra eða 1,7 %. Rekja má aukningu í veiði í Soginu á sl. ári til þessara sleppinga. Fyrirhugað er að halda þessum rannsóknum áfram næstu ár.

Í Úlfljótavatni var ástand fiskstofna athugað líkt og árlega frá 1992. Rannsóknir þessar miða að því að fylgjast með ástandi fiskstofnanna í vatninu. Miklar breytingar hafa orðið á fiskstofnum Úlfljótswatns í kjölfar Sogsvirkjana. Í sumar var sérstaklega athugað hvort bæta megi skilyrði fyrir urriða í vatninu. Rannsóknirnar í Sogi og Úlfljótswatni eru unnar fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Vistfræðideild Veiðimálastofnunar en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga.

Þjórsá.

Á vatnasvæði Þjórsár var unnið að verkefni sem miðar að því að fylgjast með landnámi lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Stiginn stækkar töluvert hrygningar- og uppeldissvæði fyrir lax í Þjórsá. Teljari sem er í stiganum staðfestir að lax gengur á svæðið. Seiðarannsóknir hafa sýnt að náttúruleg hrygning og uppeldi er af laxa á svæðinu ofan stigans. Á sl. sumri var í fyrsta sinn staðfest náttúrulegt klak í Þjórsá ofan stigans. Samkvæmt örmerkingum voru heimtur úr sleppingum sumaralinnna seiða sem sleppt var árið 1995 á svæðið ofan stiga, frá 0,1 % til 0,7 % í veiði og úr sleppingum 1996 frá 0,1 til 0,5 %. Bestu heimtur hafa verið af seiðum sem dreift var í Þjórsá sjálfa. Fleiri laxar úr þessum sleppingum eiga eftir að skila sér. Til samanburðar skiluðu hópar merktra gönguseiða frá 1997 frá 0,1 % til 0,6 % heimtum. Fiskteljari í Búðastiganum var óvirkur mikinn hluta sumars. Nokkur laxgengd var þó staðfest á svæðið ofan Búða. Sjö laxar komu fram í teljaranum og 16 laxar veiddust ofan stigans. Verkefni þetta er unnið fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þjórsár.

Á árinu var, í samvinnu við Vistfræðideild í Reykjavík, unnið að athugunum á ám sem falla til Þjórsár ofan við Sultartangelón. Á svæðinu ofan við Gljúfurleitarfoss fannst eingöngu urriði upprunninn úr sleppingum. Svæðið hefur að öllum líkindum verið fisklaust áður en þangað var sleppt urriða. Rannsókn þessi var unninn fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda.

Rangárnar.

Enn eitt metveiðiárið varð í Rangánum á sl. sumri en um þá voru um 3.900 laxar dregnir á land. Á síðustu árum hafa Rangárnar verið meðal aflahæstu laxveiðiáa á landinu. Laxveiði þar byggir nú nær eingöngu á sleppingum gönguseiða. Heimtur urðu um 0,9 % sem er nokkur aukning frá fyrra ári. Aðstæður í Rangánum eru um margt sérstæðar til gönguseiðasleppinga. Árnar eru lindár með stöðugu rennsli sem skapar ákjósanleg skilyrði fyrir sleppitjarnagerð. Þá eru aðstæður til stangveiða góðar. Þótt sleppingar gönguseiða í Rangánum hafi skilað sér í góðri laxveiði og þær virðist vera arðbærar eru þær enn í þróun.

Suðurlandsdeild stundar rannsóknir og veitir ráðgjöf fyrir veiðifélögin og leigutaka á Rangárvæðinu. Vorið 1998 hófust tilraunir sem miða að því að meta áhrif seiðastærðar og sleppitíma á heimtur. Tilraunaseiðahóparnir eru hafðir við mismunandi hita fyrir sleppingu. Verkefnið er styrkt af Fiskræktarsjóði.


Unnið var að merkingum á náttúrlegum urriða og bleikju í Ytri-Rangá og Galtalæk. Um 35 % af urriðum sem merktir hafa verið í Ytri-Rangá neðan við Ægissíðufoss hafa endurheimst. Allir utan einn komu fram í Rangánum. Einn fiskur kom fram í Ölfusárósi.

Búsvæðamat í ám.

Búsvæðamat miða að því að meta gæði uppeldisbúsvæða fyrir seiði laxfiska. Það felst einkum í kortlagningu á botnagerð, athugun á straumlagi, leiðnimælingum árvatnsins, ásamt athugun á seiðabúskap. Niðurstöður búsvæðamat eru m.a. lagðar til grundvallar við hlunnindamat á veiðiám auk þess sem það er öflugt rannsóknartæki við vinnu í ám og vötnum. Mötin hafa einnig mikla þýðingu fyrir fiskrækt. Á árinu var lokið við búsvæðamat í Eystri-Rangá og þverám hennar og unnið var að búsvæðamati í Ytri-Rangá.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæði Grenlækjar og Skaftár.

Sértækar rannsóknir á sjóbirting hófust árið 1995. Þær fara fram í Grenlæk



Mynd 2. Teljari er við rafstöðvarstíflu í Seglbúðarlandi sem telur og stærðarmælir fisk á göngu um Grenlæk.

og á vatnasvæði Skaftár. Notuð eru mælimerki, sem nema hita og dýpi þar sem merktur fiskur er hverju sinni. Hefur Jóhannes Sturlaugsson á Vistfræðideild stofnunarinnar stjórnað þeim þætti. Stór þáttur í rannsóknunum eru hefðbundnar merkingar sem miða m.a. því að meta ratvísi sjóbirtings og meta veiðiálag vor og haust. Merktir hafa verið um tólf hundruð urriðar. Af 902 sjóbirtingum merktum í Fitjaflóði í Grenlæk hafa 23,6 % veiðst aftur. Um 30 % hafa veiðst að vori og 70 % að hausti, lang flestir á fyrsta ári eftir merkingu. Ratvísi sjóbirtinganna virðist góð, en um 90 % þeirra sem gengið höfðu í sjó veiddust aftur á Grenlækjarsvæðinu. Merkingar á 243 sjóbirtingum veiddum í Skaftá við Ásgarð hafa gefið 9,1 % heimtur.

Frá sumrinu 1996 hefur verið starfræktur fiskteljari í Grenlæk, framleiddur og þróaður af fyrirtækinu Vaki hf. Nú liggja fyrir mjög áhugaverðar niðurstöður um gönguhegðun sjóbirtingsins í Grenlæk sem byggja á gögnum úr teljara (mynd 2).

Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning og velvilja ýmissa aðila ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Fjárstuðningur hefur fengist frá Fiskræktarsjóði. Rannsóknarsjóður hefur stutt mælimerkjarannsóknirnar fjárhagslega og veitt fé til kaupa á teljara.

Önnur verkefni.

Deildin kom að rannsóknum og athugunum sem tengdust vatnsleysi í Grenlæk og Tungulæk. Lækirnir voru þurrir á stórum svæðum um tveggja mánaða skeið sumarið 1998. Vatn seytlaði á litlum kafla ofan til í Grenlæk. Auk þessa var veruleg skerðing á rennsli neðan til í lækjunum. Þetta hafði viðtæk áhrif á fisk og annað lífríki lækjanna.

Suðurlandsdeild hefur safnað neta- og að hluta til stangveiðiskýrslum á Suðurlandi. Skráning á strangveiddum laxi er víðast hvar góð en skráning á silungi hefur ekki verið eins góð þótt allviða sé stangveiddur afli skráður og fer sú skráning vaxandi. Bagalegt er hversu skýrslur berast seint.

Veitt var ráðgjöf í fiskeldi sem var eikum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar en einnig vegna bleikjueldis. Á deildinni voru gerðar ýmsar umsagnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, m.a. vegna efnistöku til vegagerðar.

Erindi og rit.

Haldið var erindi um sem fjallaði um nýtingu veiðiauðlinda og umgengni við ár og vötn á aðalfundi Samtaka veiðifélaga á Suðurlandi sem haldinn var að Laugalandi í Holtum 6. október. Haldið var erindi í Fjölbrotarskóla Suðurlands sem fjallaði um fiska í ám og vötnum á Íslandi. Í nóvember var farið á fræðslufund Ármanna og haldið erindi um vatnsmál og lífríki Grenlækjar í Landbroti. Auk þessa var greint frá rannsóknum á viðkomandi félagssvæði á aðalfundum: Veiðifélags Landmannaafreittar, Veiðifélags Árnesinga, Veiðifélags Apavatns, Veiðifélags Ytri-Rangár og Veiðifélags Skaftár. Á árinu voru gefnar út 7 skýrslur sem fjölluðu um niðurstöður rannsókna, í Rangánum, Veiðivötnum, vatnasvæði Þjórsár, Úlfjótuvatni og Sogi. Í Bændablaðinu birtist grein sem fjallaði um fiskrækt og nýtingu silungs í Veiðivötnum.

Rit og erindi 1998.

Skýrslur VMST-S:

Magnús Jóhannsson, 1998. Seiðarannsóknir í Ytri-Rangá árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST-S/98001: 13bls.

Magnús Jóhannsson og Þórólfur Antonsson, 1998. Mat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár. Veiðimálastofnun, VMST-S/98002X: 21 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Seiðasleppingar í Ytri-Rangá árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST-

S/98003X:

16 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST-S/98004: 7 bls. Einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands árið 1997.

Magnús Jóhannsson og Siðurraður Guðjónsson, 1998. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Efri-Þjórsár. Veiðimálastofnun, VMST-S/98005X, 15 bls.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson, 1998. Fiskrannsóknir á Úlfjótssvatni 1998. Veiðimálastofnun, VMST-S/98006, 20 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár 1998. Veiðimálastofnun, VMST-S/98007, 23 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Rannsóknir á fiski og bitnýi í Sogi árið 1998. Veiðimálastofnun, VMST-S/98008X, 21 bls.

Annað:

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson, 1998. Vatnspurrð í lindarvötnum í Landbroti. Vettvangsathugun á Grenlæk og Tungulæk 26. og 27. maí 1998. Greinargerð Veiðimálastofnunar, 2 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Veitur úr Skaftá og lindarvötn í Landbroti og Meðallandi. Greinargerð unnin fyrir Umhverfisstofnun, 10 bls.

Magnús Jóhannsson, 1998. Fiskrækt og nýting silungs í Veidivötnum á Landmannaafretti. Bændablaðið 31. Mars 1998. 6 tbl. 4. Árgangur.

Jóhannes Sturlaugsson og Magnús Jóhannsson. 1998a. Migration study of wild sea trout (*Salmo trutta* L.) in SE-Iceland: Depth movements and water temperatures recorded by data storage tags in freshwater and marine environment. Proceedings of Fifth European Conference on Wildlife telemetry. Strasbourg, France 25-30 August 1996. 12 bls. (í prentun).

Jóhannes Sturlaugsson og Magnús Jóhannsson. 1998b. Sea migration of anadromous brown trout (*Salmo trutta* L.) recorded by data storage tags. ICES. C.M. 1998/N:23. (í vinnslu).

Erindi:

Magnús Jóhannsson, 1998. Nýting veiðiauðlinda og umgengni við ár og vötn. Samtök veiðifélaga á Suðurlandi, 6. október að Laugalandi Holtum.

Magnús Jóhannsson, 1998. Vatnsmál og lífríki Grenlækjar í Landbroti. Fræðslufundur Ármanna 25. nóvember.